

Hvammstanga 9. maí 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál

Stjórn SSNV barst beiðni um umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál. Stjórn samtakanna gerði athugasemdir við frumvarpsdrögina s.l. haust þegar þau lágu á samráðsgátt stjórnvalda. Tekið hefur verið tillit til hluta þeirra athugasemda, meðal annars þeirrar ábendingar sem fram kom um að samþykki sveitarstjórnar þurfi til friðlýsingar lands sem þjóðgarðs. Er það til mikilla bóta.

Stjórn SSNV vill hins vegar áréttta það sem fram kom í fyrri umsögn (sjá fylgiskjal) og leggja á það ríka áherslu að skiplagsvald liggur hjá sveitarfélögum. Einnig er tekið undir það sjónarmið sem fram kemur í athugasemd Bláskógabyggðar og fleiri aðila þess efnis að við afgreiðslu stjórnunar- og verndaráætlana getur sveitarfélag lent í minnihluta við afgreiðslu áætlunarinnar þó það land sem til umfjöllunar er sé innan marka viðkomandi sveitarfélags. Það er því nauðsynlegt að samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar/sveitarstjórna þurfi til að stjórnunar- og verndaráætlun öðlist gildi.

Enn er inni í frumvarpsdrögnum ákvæði sem SSNV gerði athugasemd við í umsögn sinni s.l. haust um að ráðherra geti einhliða ákveðið stækkun þjóðgarðs með reglugerð. Í greinargerð með 3. mgr. 3. gr. segir að samþykki sveitarstjórna eigi við hvort sem um nýjan þjóðgarð eða stækkun sé að ræða. Að mati SSNV væri eðlilegra að geta þess skýrt í 3. mgr. 3. gr. að samþykki sveitarstjórna þurfi einnig við stækkun. Ennig er gerð athugasemd við það eins og s.l. haust að ekki er gert ráð fyrir umræðu á Alþingi um stækkun þjóðgarða sem að mati SSNV er óeðlilegt.

Stjórn SSNV vill jafnframt ítreka það sem fram kemur í umsögn samtakanna frá því s.l. haust þar sem segir:

Að síðustu hvetur stjórn SSNV ráðherra til þess að verði frumvarpið að lögum að huga vel að staðsetningu starfa sem myndast við stofnun Þjóðgarðastofnunar. Stjórnin leggur áherslu á að við skipulagningu nýrrar stofnunar verði nýtt það tækifæri sem myndast til að skapa ný störf utan höfuðborgarsvæðisins sem er í takt við nýsamþykktu Byggyðaaætlun 2018-2024.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri.

FYLGISKJAL – UMSÖGN SSNV UM FRUMVARPSDRÖG

Hvammstanga, 5. september 2018

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og breytingum á lögum um náttúruvernd.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp sem leggja á fram á Alþingi og er til umsagnar á samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Stjórn SSNV leggur ríka áherslu á það að skipulagsvald liggur hjá sveitarfélögum og það vald þarf að endurspeglast með skýrari hætti í frumvarpsdrögum. Víða í drögum er kveðið á um samráð við sveitarfélög og landeigendur en hvergi vikið að því með hvaða hætti slíkt samráð eigi að fara fram. Stjórn SSNV telur að eðlilegra væri að ekki verði stofnaður þjóðgarður eða þjóðgarðar stækkaðir nema með samþykki viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Slíkir gjörningar, án samþykkis, hljóta að teljast eignanáam og við það verður ekki unað. Einnig er kveðið á um að sveitarstjórnir verði bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlana við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðs en stjórn telur að það ákvæði vegi sömuleiðis að skipulagsvaldi sveitarfélaganna.

Það hlýtur að teljast vafasamt að ráðherra geti með eigin ákvörðun, án nokkurrar umræðu löggjafans, ákvarðað breytingar á mörkum þjóðgarða með reglugerð að því er virðist án nokkurs samráðs og án samþykkis viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Eins og skilja má af frumvarpsdrögum er það því geðþótti ráðherra hverju sinni sem ræður ákvörðun um stækkun þjóðgarðs og þannig enn vegið að skipulagsvaldi sveitarfélags. Skv. þessu verður því hægt að stækka þjóðgarð í óþökk viðkomandi sveitarfélags og landeigenda. Skorað er á ráðherra að tryggja eðlilega málsmeðferð slíkra breytinga og að fullt samráð verði haft við sveitarfélög og landeigendur.

Að síðustu hvetur stjórn SSNV ráðherra til þess að verði frumvarpið að lögum að huga vel að staðsetningu starfa sem myndast við stofnun Þjóðgarðastofnunar. Stjórnin leggur áherslu á að við skipulagningu nýrrar stofnunar verði nýtt það tækifæri sem myndast til að skapa ný störf utan höfuðborgarsvæðisins sem er í takt við nýsamþykta Byggingaáætlun 2018-2024.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar SSNV,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri